

Ný og endurbætt vorbók

Á vordögum tökum við í notkun endurbætta útgáfu að hinni góðu gulu vorbók sem er okkar helsta verkfæri og bústjórnartæki þegar kemur að skráningu í sambandi við gripina okkar í sauðfjárrækt. Bókin kemur núna í A4 stærð en er að öðru leyti lík þeirri gömlu nema við hafa bæst nokkrir nýir dálkar, upplýsingadálkar um gripina ásamt nýjum skráningadálkum. Vorbókin er því orðin enn betra verkfæri og bústjórnartæki í nákvæmnisbúskap og utanumhaldi um ærnar í hjörðunum okkar. Hér verður farið yfir helstu breytingar á vorbókinni:



ÆR

Númer	Litur	Riðuflokk	Feld%	Bógkr.	Faðir	Ómmæling og lærastig	Frjósemi	Kynbótamat			Ærin í fyrra			Þungþ	
Nafn	Horn	Riðuflokk	For%	Þokug.	Móðir	ÓV ÓL	ÓF LS	Afurðir	Gerð Frjós	Fita Mjólk	Fþ B Fþ M	Heg-s Júg	Geðs Spen	Atb U-á	Haust Vor

Mynd 1 – Vinstri blaðsíða vorbókarinnar

Stærstur hluti bókarinnar er tileinkaður lifandi ám. Vinstri helmingur opunnar er upplýsingasíða (sjá mynd 1) þar sem margt kunnuglegt er að finna. Breytingin sem grípur eflaust augu margra er að nú birtast „**Riðuflokk**“ (sjá mynd 2) við hvern þann grip sem hefur verið arfgerðargreindur í Fjávís. Nánari upplýsingar um ræktun gegn riðu og hvað flokkinn og breytileikarnir tákna má finna á heimasíðu RML.

Fleiri reitir bætast við eins og upplýsingar um forystu- og feldfjárlutfall gripa. Undanfarið hefur verið

22-687	1	N138
Foss	10	
23-689	1	N138
Pollur	10	H154
23-690	1	N138
Hlurkur	10	

Mynd 2

unnið að endurbótum forystufjárlutfalls gripa í Fjávís og mun skráð hlutfall birtast í þeim reit. Feldfjárlutfall gripa er skráning sem er ekki komið í gagnið ennþá en stefnt á að vinna á sama hátt og forystufjárlutfallið. Einnig eru dálkar sem gefa til kynna hvort grípur hafi fengið greiningu á bógkreppugeni og/eða þokugeni. Sé dálkurinn tómur hefur grípurinn ekki fengið greiningu. Fáir grípurinn 0 (núll) hefur hann verið greindur og ber ekki genið, sé grípurinn arfblendinn fær hann 1 og ef hann er arfhreinn fær hann 2. Athugið að þetta eru

ekki skráningareitir, þarna birtast upplýsingar sem lesnar hafa verið inn í Fjávís.

Við **kynbótamatseinkunnir** ána hafa bæst tvær einkunnir: Fallþungi bein áhrif (FP B) og fallþungi mæðraáhrif (FP M). Kynbótamat fyrir FP B á að vera mat á vaxargetu lamba undan ánum en FP M er mat á afurðasemi ána.

Skemmtilegur upplýsingagluggi er á vinstri opnunni sem ber heitið „**Ærin í fyrra**“. Þessir reitir eru tómir nú í ár en á næsta ári munu þar birtast upplýsingar um skráningar sem ærnar hafa fengið árið áður, m.a. skráningar úr nýjum skráningarreitum sem verða nefndir hér á eftir. Hugmyndin er að minnka flettið í gömlu bókinni til að athuga hvort einhverjar skráningar eða athugasemdir hafi verið gerðar um ána árið áður.

Þá lítum við yfir á hægri opnuna hjá ánum (sjá mynd 3). Rétt er að taka fram að lýsingar á öllum skráningavalmöguleikum er að finna innan á bókarkápu.

Fósturtalningadálkurinn (**FT**) hefur færst yfir á hægri síðu og er tvískiptur. Efri reiturinn er skráning á

Fékk		Lambið										Ærin				Athugasemdir	LAMB Í HAUST		
FT	Fang dd/ mm	Hnútur númer	Afdrif	Burð dd/ mm	Burður	Umfa	Kyn	Stærð	Lamba númer	Litur	Afdrif vor	Atburður	Fóstur móðir	Geðslag	Spennar			Júgur	Atburður
ATH						Ástæða													

Mynd 3 – Hægri blaðsíða vorbókarinnar

fjölda talinna fóstura en í neðri reitnum er hægt að skrá nánari athugasemdir við fósturtalninguna (t.d. „fóstur misstór“ eða „öll fóstur dauð/drepast“).


Við „**Lambið**“ hefur bæst við dálkurinn „**Stærð**“ þar sem möguleiki er að skrá fæðingarstærð lambanna. Hvert lamb fær þar eigin skráningu samkvæmt lyklinum „Fæðingarstærð lambs“ sem skiptist í 5 flokka. Ekki er gerð krafa um að lömbin séu vigtuð heldur er um sjónmat að ræða. Áhugavert er að skrá stærð marglembinga og gemlingslamba.

Þá hafa bæst við þrjár tvískiptir dálkar undir „**Ærin**“ þar sem hægt er að skrá ýmislegt sem tengist áni. Þetta eru reitirnir sem gefa upplýsingar fyrir næsta ár í „**Ærin í fyrra**“. Því meira sem við skráum þarna því meira mun birtast á næsta ári. Upplýsingarnar flytjast ekki á milli margra ára, bara frá árinu á undan.

Fyrst má nefna „**Geðslag**“. Efri reiturinn er skráning á „**geðslagi fullorðinna gripa að vetri til / í húsum**“ og bændur geta því skræð hjá sér hvort gripir eru t.d. „Fremur geðillur/kaldlyndur/mannýgur/styggur/örlyndur“ eða „Fremur rólegur/gæfur/skappgóður gripur“.

Neðri reiturinn er skráning á „**hegðun á sauðburði**“ og þar er m.a. hægt að skrá hvort ærin hefur verið

„ill við lömbin sín“ eða hvort hún var „áhugalaus móðir“. Næst er það dálkur er nefnist „**Spenar**“. Efri reiturinn er skráning á „**Spenastærð**“ (4 flokkar) og er gagnlegt fyrir bændur sem lenda í vandræðum á sauðburði með ær með mjög stóra spena og þurfa (jafnvel ár eftir ár) sérstakt eftirlit með að lömbin komist örugglega á spena. Í neðri reitnum er hægt að skrá frekari athugasemdir við spena s.s „*aukaspenar til vandræða*“ eða „*sár á spena*“. Ærin á mynd 4 fær lykिलinn 2 „*mátulegir spenar*“ fyrir spenastærð. Þeir virðast vera af hæfilegri stærð og ágætlega staðsettir. Að lokum er dálkur sem heitir „**Júgur**“. Efri reiturinn er skráning á **júgurbólgutíffellum** og í neðri reitnum frekari athugasemdir við júgur áнна, t.d. *mjög sigið júgur* eða *mikil umframmjól*.



Mynd 4 -

Atburðarskráninguna þekkjum við vel en bætt hefur verið við listann. Hægt er að skrá fleiri en einn lykil með því að setja bandstrik á milli lykila.

Aftasti dálkurinn „**Lamb í haust**“ er síðasti dálkurinn. Hér er hægt að skrá hvort okkur lítist strax að vori vel á lambið til ásetnings og kjósum að merkja við að það eigi að fara í ásetningsúrval í haust eða er pottþétt sláturlamb. Hugmyndin er að tengja saman vor- og haustbók, að þessi lykill birtist líka í haustbók við þau lömb sem fengu skráningu. Í bókinni fá hrútarnir heila opnu (sjá mynd 5) þar sem bætast við miklar upplýsingar miðað við eldri útgáfuna. Auk upplýsinga um föður og móður má nú sjá afa og ömmur hrútanna, nánast fullan lambadóm og allar kynbótamatseinkunnir. Líkt og hjá ánum koma einnig riðuflöggin ef hrútarnir hafa verið arfgerðargreindir. Nú er hægt að skrá athugasemdir yfir fengitíð hjá hrútunum ásamt geðslagi þeirra og atburðum líkt og hjá ánum.



HRÚTAR

Númer	Litur	Riðurflokk	Feld%	Bóg	Faðir	Föðurfaðir	Föðurmóðir	Lambadómur				
Nafn	Hom	Riðurflokk	For%	þoka	Móðir	Móðurfaðir	Móðurmóðir	Pung	Fótl	ÓV	ÓF	ÓL
								H+H	B+Ú	Bak	Malir	Læri

Kynbótamat						Fengitið	Þungi	Geðslag	Atburður	Afdrif	dd/mm	Athugasemdir
Gerð	Fita	ÓMV	Fþ B	LP B	Heild	Hjálp/áhugi	Haut					
Frjós	Mjók	ÓMF	Fþ M	LP M	E-b	Fang%	Vor					

Mynd 5 5 – Efri mynd er vinstri blaðsíða hrútaopunnar. Neðri mynd er hægri blaðsíða hrútaopunnar.